



## 61. stjórnarfundur Nýheima 13. 01. 2013 kl. 08:00.

**Mætt:** Helga Árnadóttir, Olga Ingólfadóttir, Guðrún Ásdís Sturlaugadóttir, Bryndís Hólmarsadóttir, Kristín Hermannsdóttir, Vilhjálmur Magnússon, Davíð Arnar Stefánsson, Eyjólfur Guðmundsson, Ragnhildur Jónsdóttir og Hrafnkell Guðnason.

**Forföll boðaði:** Þorvarður Árnason

**Fundarstjóri:** Ragnhildur Jónsdóttir

**Fundarritari:** Kristín Hermannsdóttir

### Dagskrá

1. Atvinnuþróun og nýsköpun á Hornafirði – Guðrún Ásdís
2. Fyrirhugað samstarf við SASS um atvinnuráðgjöf – Davíð og Eyjólfur
3. HFN – Framgangna verkefnisins – Davíð
4. Önnur mál

### Fundargerð

1. Guðrún Ásdís kynnti hugmyndakort sem sýnir starf við atvinnuþróun og nýsköpun á Hornafirði. Ýmsar tengingar og samlegð núverandi stofnana innan sveitarfélagsins, ráðgjöf, aðstöðu fyrir frumkvöðla, námskeið o.fl. Umræða varð um hugmyndakortið, vef Nýheima og móttöku á frumkvöðlum. Endurvinnslusvið væri einnig áhugavert en skoða þarf matarsmiðjuna og kennslueldhús sem mætti tengja við atvinnuþróun. Rætt um sambærileg störf annars staðar á landinu. T.d. á Suðurnesjum og hjá Austurbrú og fundarmenn vilja gjarnan kynna sér störfin þar. Samþykkt tillaga að fara í ferð á Suðurnesin. Davíð undirbýr ferðina. Samþykkt tillaga um starfshóp að vinna áfram að heimasíðu Nýheima. Tillaga; Villi, Davíð, Guðrún og Árdís.
2. Samstarf við SASS um atvinnuráðgjöf. Davíð skýrði frá fundum undanfarna viku um málið. Komin eru drög að samningi og verða þau kynnt stjórn SASS 15. janúar. Rætt um að Bjarni og Þórður hjá SASS komi hingað austur að ræða samninginn innan tveggja vikna. Talað um að setja á blað þær hugmyndir sem við höfum um starfslýsingu, tengslanet, kostnað og fl. Davíð gerir drög að minnisblaði um hugmyndir Nýheima.

(Hrafnkell kom á fundinn undir þessum lið.)

3. Davíð kynnti framgöngu HFN-verkefnisins. Ekki hefur tekist að afla verkefninu nægra styrkja fyrir árið 2016. Finna þarf verkefninu stað innan styrkjaflórunnar, t.d. Erasmus +. Framlag sem SVH var búð að ánafna HFN fyrir árið 2016 var afþakkað og óskað eftir að fá umræðu um styrk frá SVH 2017. Davíð hefur sent Birni Inga póst



um málið. Skoða má hvort tengja megi verkefnið við lifandi kennslustofu í sambandi við Sóknaráætlun í loftslagsmálum og einnig hvort megi tengja það við aukna útikennslu Grunnskólans og hugmynd að nytjasmiðju. Næstu skref eru að ræða við Rannís og finna mögulega styrki.

#### 4. Önnur mál

Ragnhildur: Starfamessa var haldin á Suðurlandi 2015 fyrir nemendur til að kynna fyrir þeim möguleg störf innan iðnaðar og verkgreina. Héðan fór hluti 10. bekkjar á Selfoss. Rætt um að hafa svona starfamessu á Höfn í mai og kynna fyrir nemendum og öllu samfélaginu þau störf sem eru í boði. Tengja við ungt fólk og nýsköpun. Tillaga um Davíð, Olgu og Árdísi sem vinnuhóp að koma þessu í verk og þau tala við Sigurð Þór Sigurðarson hjá Atorku um að aðstoða.

Eyjólfur: Laga þarf vef Nýheima, setja inn gögn sem má skanna inn og fundargerðir. Hafa líka reglulega fréttir á síðunni.

Rætt um fundartíma – hann er að kenna alla miðvikudaga. Davíð kannar með að finna nýjan fundartíma.

Davíð: Fjarnemadagur – átti að vera 15. janúar frestast til 22. Janúar vegna staðlotu Háskólanema.

Árshátíð Nýheima 20. febrúar í Hólmi, með rútuferð.

Fundi slitið kl. 9:20

*Kristín Semannsdóttir*  
*Ragnhildur Jónsdóttir*